



**Varðandi: Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.**

**149. löggjafarþing 2018-2019.  
Þingskjal 136 — 136. mál.**

**Selfossi, 20. febrúar 2019.**

**Ágætu nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar,**

Ungmennafélagi Selfoss hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Umrætt frumvarp er mjög mikilvægt skref í uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Frekari uppbygging aðstöðu til íþróttaiðkunar er ein grunnforsenda þess að viðhalda, styrkja og efla starfsemina og fjölga iðkendum. Fyrir íþróttahreyfinguna er mikilvægt að bæta alla aðstöðu til að bæði fjölga iðkendum og sinna betur núverandi iðkendum. Með aðkomu ríkisins með endurgreiðslu hluta byggingarkostnaðar, er verið að opna á enn öflugri uppbyggingu aðstöðu.

Þrátt fyrir myndarlega uppbyggingu íþróttamannvirkja og íþróttavalla á síðustu árum blasa við stór verkefni, sem íþróttafélög vítt og breitt um landið vilja ráðast í. Hjá Umf. Selfoss er mikil metnaður til þess að bæta alhliða aðstöðu til hreyfingar og íþróttaiðkunar með uppbyggingu íþróttamiðstöðvar á íþróttavallarsvæðinu í hjarta Selfossi. Ljóst er að öll aðstaða til íþróttaiðkunar er grunnurinn að áframhaldandi vexti og viðkomu félagsins en aukinn fjöldi iðkenda kallar á aukna og enn betri aðstöðu.

Öflugur stuðningur við uppbyggingu íþróttamannvirkja er ómetanlegur og sagan sýnir að með betri mannvirkjum og aukinni fræðslu þjálfara næst mikill árangur á skömmum tíma. Reynslan sýnir einnig að árangurinn er jafn mikilvægur í smærri sem stærri samfélögum. Það er því öflug byggðastefna að bæta aðstöðu íþróttahreyfingarinnar alls staðar á landinu.

Hlutverk íþrótt- og ungmennafélaga í forvarnarstarfi sem og gagnvart almennri heilsuefningu er ótvírætt og er stefna hreyfingarinnar að efla enn frekar lýðheilsuhlutann í starfsemi sinni. Þar er víðast hvar um að ræða öfluga starfsemi sem er borin upp af sjálfbóðaliðum.

Lýðheilsa miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks á öllum aldri, þar sem grunnurinn er heilsuvernd og forvarnir. Góð heilsa felst í líkamlegu og andlegu jafnvægi og að hver og einn ber ábyrgð á eigin heilsu og líðan. Uppbygging mannvirkja sem bæta aðstöðu til hreyfingar er veigamikill þáttur hins opinbera og íþróttahreyfingarinnar sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, samfélagsins og þjóðarinnar í heild sinni. Mikilvægt er að skapa aðstæður í samfélaginu til að stunda heilbrigða lífshætti og efla vitund og vitneskju fólks um mikilvægi þess. Gott dæmi um einn þátt eflingar lýðheilsu eru fjölnota íþróttahús sem m.a. skapa aðstöðu fyrir eldra fólk til hreyfingar, þar sem hópar þeirra koma saman til að stunda hreyfingu saman og njóta félagskapar hvers og eins. Það er því mikilvægt að styðja starfsemi íþróttafélaga með öllum ráðum svo að þessir þættir haldi áfram að vaxa og dafna, íslensku samfélagi til heilla.



Með samþykki umrædds frumvarps er að verða að veruleika mikið hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar og þar með talið fyrir Umf. Selfoss. Með góðri samvinnu sveitarfélagsins og ungmennafélagsins á síðustu árum hefur margt áunnist - og áfram er mikilvægt að koma til móts við íþróttahreyfinguna sem borin er uppi af sjálfböðla-liðum. Það er fyrst og fremst grasrótin í hreyfingunni sem mun njóta ávaxta þeirrar uppbyggingar sem verður að veruleika, með gildistöku umrædds frumvarps.

Aðalstjórn Ungmennafélags Selfoss vill skora á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarp um **endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja lagt fram af Jóni Gunnarssyni, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, Ásmundi Friðrikssyni, Njáli Trausta Friðbertssyni, Óla Birni Kárasyni, Páli Magnússyni, Vilhjálmi Árnasyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Ólafi Ísleifssyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Willum Þór Þórssyni, nái fram að ganga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli félagasamtökum til almannaheilla hluta fjárhæðar sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna. Það er álit Ungmennafélags Selfoss að það sé íþróttahreyfingunni mikið hagsmunamál að frumvarpið verði að veruleika.**

Ungmennafélag Selfoss skorar á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni í landinu til heilla.

F.h. aðalstjórnar Umf. Selfoss

Viktor S. Pálsson,  
formaður Umf. Selfoss